

# **Stjórnarfundur í Geðhjálp 08.02.18**

*Mættir: Hrannar, Sveinn Rúnar, Anna Gunnhildur, Sylviane, Garðar Sölvi, Þórður og Einar.*

**1. Yfirferð fundargerðar, undirskriftir (BGB).**

Fundargerð lesin og samþykkt.

**2. Vatnaskil, fundir með fulltrúum ráðamanna og velferðarnefnd Alþingis, reifun (HJ).**

Hrannar lýsti yfir ánægju með ráðstefnuna *Vatnaskil* og fundi fyrirlesaranna Dainiusar Puras, Fionu Morrissey og Peters Kindermans með fulltrúum ráðamanna daginn eftir ráðstefnuna. Fyrir hádegi var fundað með fulltrúum heilsugæslu, Landspítala, Embættis landlæknis, velferðarráðuneytis og Reykjavíkurborgar. Eftir hádegi var fundað með fulltrúum velferðarnefndar Alþingis. Önnu var falið að kanna hvernig hægt væri að óska eftir formlegri heimsókn og úttekt af hálfu Dainiusar á íslenskri geðheilbrigðisþjónustu.

**3. Fundur með velferðarráðherra um málefni barna, reifun (HJ).**

Fram kom að HJ og AGÓ hefðu þegið fund félagsmálaráðherra um málefni barna. Þau lögðu fram lista yfir helstu forgangsverkefni í samræmi við niðurstöður barnaráðstefnunnar og tóku fram að Geðhjálp væri tilbúið til að taka þátt í vinnu ráðuneytisins við að bæta aðstæður og geðheilbrigðisþjónustu við börn.

**4. Aðalfundur Geðhjalpar, helstu dagsetningar, fundarboðun, árgjald árlegra félaga(HJ, AGÓ).**

Samþykkt var að gera tilraun til að fjölga gestum á aðalfundi með því að senda aðalfundarboð út í bréfi.

Samþykkt var að hækka árgjald árlegra félaga upp í 2.400 kr. á ári.

**5. Drög að styrkumsókn til ÖBÍ (HJ, AGÓ).**

Drögin voru samþykkt samhljóða.

**6. Fjölmíðlavaktin, skýrsla ársins 2017(HJ, AGÓ).**

Almenn ánægja var með umfjöllun um Geðhjálp í fjölmíðlum árið 2017. Fleiri fréttir tengdust félaginu á árinu en árið áður. Samtökin eru í 17 sæti yfir samtök/félög hvað varðar fjölda umfjallana.

**7. Erindi til velferðarsviðs Reykjavíkur (og jafnvel ríkis) vegna aðstöðuleysis fólks með tvíþættan vanda (HP, AGÓ).**

Fram kom að aukið álag væri í Vin og Hlutverkasetri vegna fíkla með geðgreiningar sem hafa ekkert athvarf á daginn. Greinilega þörf sé á einhverju úrræði fyrir fólk í þessum hópi. Framkvæmdastjóra var falið að semja drög að ályktun til Reykjavíkurborgar um þörf á dagúrræði fyrir þennan hóp.

**8. Erindi frá stjórn Hugarafls (HJ).**

Anna útskýrði sína hlið mála og gekk síðan af fundi. Stjórnin lýsir yfir trausti á störfum Önnu. Samið verður svarbréf til Hugarafls. Stjórn Geðhjálpur hafnar því að ræða störf starfsmanna sinna við önnur félagasamtök.

**9. Önnur mál.**

Samþykkt var að skrifa stjórnendum heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins bréf þess efnis að tryggt yrði að ekki yrði þjónustufall hjá skjólstæðingum Hugarafls/Geðheilsu-eftirfylgdar á meðan beðið væri eftir að viðeigandi geðheilsuteymi hæfu starfsemi.

***Fundinum lauk um kl. 19:15***